

Fyrirkomulag vegna skilgreindra stjórnunarstarfa hjá kennurum í Fh

Frá og með áramótum 2013/2014 munu starfsskyldur kennara í Félagi háskólakennara skiptast til helminga í kennslu og rannsóknir samanber samþykkt Háskólaráðs frá 11. janúar 2013.

Stjórnunarskyldur háskólakennara:

Annars vegar eru ýmis atriði sem teljast eðlilegur hluti af starfi háskólakennara, svo sem seta á deildarfundum, sviðsþingum og öðrum fundum er lúta að skipulagi kennslu og rannsókna, gerð umsókna, ritrýni greina og bóka, ritun meðmælabréfa telst ýmist rúmast innan kennslu eða rannsókna án þess að fyrir þau sé umbunað eða metið sérstaklega.

Hins vegar er veittur afsláttur af kennsluskyldu þeirra kennara sem taka að sér störf sem teljast viðbót við eðlilegan hluta starfsins án þess að umfangið sé metið sérstaklega.

Fyrirkomulag og kennsluafsláttur:

Í þessu sambandi leggja Samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál og Félag háskólakennara til eftirfarandi fyrirkomulag:

1. Deildarforseti/fræðasviðsforseti tilnefni þá kennara sem sóst er eftir til sérstakra starfa fyrir deildina á tilteknu tímabili t.d. almanaksári að því gefnu að kennarinn gefi kost á sér. Fyrir liggur áætlun um hvers konar störf og umfang er að ræða á árinu, t.d. nefndarvinna, sérstök átaksverkefni o.fl.
2. Deildarforseti felur viðkomandi kennurum sérstök stjórnunarstörf eftir því sem við á.
3. Gert er samkomulag um umfang áætlaðrar stjórnunarstarfa viðkomandi kennara og þeim raðað þannig: Lágmarks lækkun á kennsluslydu fyrir stjórnun verði 32 klst., heimilt er að úthluta aukinni lækkun í 16 klst. einingum eftir umfangi stjórnunarstarfa, þ.e. 32, 48, 64, 80 ...
4. Að tímabili loknu er metið hvernig til tókst. Unnt er að semja um áframhald ef báðir aðilar kjósa svo. Kennari getur færst á milli flokka ef umfangið breytist.

Gera verður ráð fyrir að sá kennsluafsláttur sem ofangreint fyrirkomulag felur í sér, sé borinn af viðkomandi deild eða sviði eftir því sem forseti fræðasviðs ákveður. Þá er eðlilegt að fjöldi flokka og magn kennsluafsláttar samanber lið 3 komi til endurskoðunar eftir því sem reynsla kemst á fyrirkomulagið.

Umfang og eðli stjórnunarstarfa:

Við skipulagningu og áætlun á umfangi umræddra starfa ber að hafa eftirfarandi í huga:

A: stjórnunarstörf sem sérstaklega er greitt fyrir sbr. tl. 1 – 4.

- A1. Umfangsmeiri stjórnunarstörf. Dæmi: Vísindanefnd, kennslunefnd, gæðanefnd, deildarráð.
- A2. Umfangsminni stjórnunarstörf. Dæmi: Siðanefnd, tækjakaupanefnd, tímabundnir starfshópar eða nefndir.
- A3. Sérverkefni. Dæmi: Skipulagning ráðstefnuhalds á vegum deildar eða sviðs, umfangsmeiri kynningarstörf, önnur sérstök átaksverkefni, sérverkefni og *ad hoc* nefndir

B: Störf sem talin eru hluti af kennslu og/eða rannsóknum, þ.e. ýmis störf sem ekki eru talin sérstaklega til vinnustunda en falla undir þátt kennslu og rannsókna og öllum kennurum er ætlað að vinna eða taka þátt í. Dæmi: Deildarfundir, námsbrautarfundir, fræðasviðsfundir, ritrýni, stjórnunarleg umsýsla með kennslu og rannsóknum o.fl.

24. apríl 2013

F.h. Samráðsnefndar háskólaráðs



F.h. Félags háskólakennara

